



1. útgáfa 06.02.2017

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB Nr. 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:	Q8 Kugg- og kedjespray		
Vörunúmer:	7503 31780017		
1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:	Viðeigandi notkun Smurfeiti í úðabrúsa fyrir keðjur og tannhjól. Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirbyggjandi, sjá hér að ofan.		
1.3 Söluaðili:	N1 Dalvegur 10-14 201 Kópavogur	Framleiðandi:	Q8 Danmark A/S Arne Jacobsens Allé 7 2300 Kaupmannahöfn S Danmörk 00-45-7012-4545 SDSinfo@Q8.com www.q8.dk
Sími:	4401000		
Netfang:	n1@n1.is		
Veffang:	www.n1.is		
1.4 Neyðarsímanúmer:	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.		

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H222	Úðabrúsi með afar eldfimum efnum	Eldf.úðaeefni 1
H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun	Úðabr.1
H315	Veldur húðertingu	Húðert.2
H319	Veldur alvarlegri augnertingu	Augnert.2
H336	Getur valdið sljóleika eða svima	SEM-VES 3
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	Langv. eit.á vatn 2

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki:



Viðvörðunoröð:

HÆTTA

Hættusetningar

H222	Úðabrúsi með afar eldfimum efnum
H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun
H315	Veldur húðertingu
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Varnaðarsetningar

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til
P210	Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum. - Reykingar bannaðar
P211	Má ekki úða á opinn eld eða annan hita- og neistagjafa.
P251	Þrýstihylki: Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm.
P273	Forðist losun út í umhverfið.
P280	Notið hlífðarhanska/aughlífir/andlitshlífir.
P304+P340	EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og hafið hann í stellingu sem léttir öndun.

P312 Hringið í EITRUNARMÍÐSTÖÐ/lækni ef lasleika verður vart.
P410+P412 Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50 °C.
P501 Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

Inniheldur: Heptan.

Sprengihætta við upphitun.
Getur myndað sprengifimar blöndur með lofti, sé loftræsting ófullnægjandi.

2.3 Aðrar hættur: Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.
Sjá einnig 11. og 15. lið. (**PBT:** Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB:** Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).
Langvinn eða endurtekin snerting getur valdið þurri og sprunginni húð.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við.

3.2 Blöndur:

Lithíumfeiti byggð á jarðolíu ásamt aukefnum [2]			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	>=25 - <=50
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	Ekki flokkað	H-setningar	-
CAS	Ekki flokkað	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
-			

Heptan [1] [2]			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	>=10 - <=25
Raðnúmer	601-008-00-2	Varnaðarmerki:	F, Xi, Xn, N
EINECS, ELINECS	205-563-8	H-setningar	H11, H38, H50/53, H65, H67
CAS	142-82-5	Flokkun, hættumerking	Mjög eldfimt, Ertandi, Hættulegt heilsu, Hættulegt umhverfinu
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Eldf.vökvi 2 - H225 , Eit.v. ásvelg. 1 - H304 , Húðert. 2 - H315 , SEM-VES 3 - H336 , Bráð eit.á vatn 1 - H400 , Langv.eit.á vatn 1 - H410			

Annað: Varan inniheldur mikið hreinsaða jarðolíu þar sem útdregið DMSO er <3% (b/p), skv. IP346.
Varan inniheldur engin önnur efni sem sem eftir bestu vitund framleiðanda hafa áhrif á flokkun vörunnar og ættu því að vera talin í þessum lið.

[1]: Innihaldsefnið hefur verið flokkað sem hættulegt heilsu eða umhverfi.

[2]: Innihaldsefnið hefur skilgreind mengunarmörk. (Sjá lið 8.).

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almennt Kanníð öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn.
Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið lækni/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita lækni.

Innöndun Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Sjáið til þess að hinn slasaði eigi sem auðveldast með öndun. Leitið lækni við alvarleg eða viðvarandi einkenni.

Snerting við húð Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni séu einkenni viðvarandi.

Snerting við augu Skolið varlega með miklu vatni í amk 10 mín. og haldið augum vel opnum, lyftið augnlokum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolon. Leitið lækni séu einkenni viðvarandi.

Inntaka Skolið munn með vatni. Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Sjáið til þess að hinn slasaði eigi auðvelt með öndun. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótlega. Framkallið ekki uppköst nema að læknisráði. Við uppköst skal halda höfði lágt þannig að efni berist ekki í lungu. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk. Gefið smávegis vatn að drekka.

Til hjálparliða Aðhafist ekkert nema þar sem viðeigandi þjálfun hefur farið fram. Takið ekki persónulega áhættu.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Innöndun	Getur valdið bælingu miðtaugakerfis, sljóleika og svima, hósta, ógleði og uppköstum, höfuðverk, svima, meðvitunadarleysi. Leitið læknis við alvarleg eða viðvarandi einkenni.
Húð	Einkenni við snertingu við húð geta verið: Affitun, erting, þurrkur, sprungumyndun.
Augu	Veldur alvarlegri augneringu, táramyndun, sviða.
Inntaka	Getur valdið bælingu miðtaugakerfis.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum. Hafið strax samband við lækni við inntöku eða innöndun á miklu magni. Alvarlegum einkennum gæti seinkað um nokkrar klst.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Koldíoxíð, alkóhólþolin froða, slökkviduft, vatnsúði.
Óhentugur slökkvibúnaður:	Beinið ekki vatnsgeisla beint á eld.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Afar eldfimt úðaefti. Hætta á hækkuðum þrýstingi í umbúðum við upphitun, jafnvel sprengingu. Myndefni við bruna: Kolmónoxíð, koldíoxíð, eitraðar og ertandi gufur. Losun í niðurföll getur valdið sprengihættu. Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Rýmið brunasvæði. Nota má vatnsúða til að kæla umbúðir og verja starfsfólk. Flytjið umbúðir af Brunasvæði, sé það unnt án áhættu. Aðhafist ekkert sem innifelur áhættu fyrir hjálparliða, nema viðeigandi þjálfun sé til staðar. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað (EN 469). Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysn

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Fyrir aðra en hjálparstarfsmenn

Gerði ekkert sem hefur persónulega áhættu í för með sér, eða sem viðkomandi hefur ekki hlotið þjálfun til að framkvæma. Rýmið nærliggjandi svæði og sjáið til þess að engir óviðkomandi, eða þeir sem hafa ekki viðeigandi persónuhlífar, fari inn á mengunarsvæðið. Forðist innöndun, snertingu og að ganga í losuðu efni. Notið viðeigandi persónuhlífar.

Fyrir hjálparstarfsmenn

Sjá lið 8. um viðeigandi persónuhlífar og önnur atriði er varða hreinlæti.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka og dreifingu sé það unnt án áhættu. Komið í veg fyrir að efnið berist í lokuð rými, niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Stöðvið lekann sé það unnt án áhættu. Færið ílát frá menguðu svæði. Þynnið með vatni og hreinsið upp með moppu sé efnið vatnsleysanlegt. Ef ekki, notið óbrennanleg ísogsefni, svo sem sand, jarðveg eða kisilgur, og setjið í viðeigandi ílát og fargið sbr. 13.lið. Notað ísogsefni getur fengið sömu skaðlegu eiginleika og efnið sjálft. Skolið mengað svæði með vatni og hreinsiefnum að upphreinsun lokinni.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá lið 1. um tengla í neyðartilvikum, lið 8. um persónuhlífar og lið 13. um förgun.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist myndun og innöndun gufu og úða. Reykið ekki. Þrýstihylki, forðist hitastig yfir 50°C. Notið sprengivarinn búnað. Forðist vandlega inntöku og snertingu við augu, húð eða fatnað. Andið ekki inn gufu eða úða. Notið aðeins upprunalegar umbúðir. Endurnýtið ekki umbúðir.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Tæmdar umbúðir geta innihaldið efnaleifar.

Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið í vel luktum og merktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Geymið fjarri matvælum.

Hafi umbúðir verið opnaðar, lokið þeim vandlega aftur og gætið þess að þær standi uppréttar til að forðast leka. Geymið fjarri beinu sólarljósi og ósamrýmanlegum efnum.

Flokkun skv. Seveso tilskipun: P3a, E2, C8, C9ii.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Engar upplýsingar eru fyrirbyggjandi.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfærubreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m ³	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m ³	Annað
Lithiumfeiti byggð á jarðolíu ásamt aukefnum (úði)		5			OEL (EB)
Heptan	200	820			Danska Vinnueftirlitið

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Sjá staðal EN 689 um mat á váhrifum.

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.

Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörinni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar

Húð - hendur

Húð - annað

Öndunarfæri

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166), eða andlitshlíf.

Notið efnahelda hanska úr nitrílgúmmíi (EN 374), 0,17mm, <1 klst gegnstreymistími).

Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar (EN 1149). Geymið ekki vætta klúta í vösum.

Notið skófátnað sem hæfir aðstæðum hverju sinni. Mælt er með stöðurafmagnsvörðum búnaði.

Við venjulega notkun eru öndunarhlífar ekki nauðsynlegar. Athugið viðmiðunarmörk, sem gefin eru upp í lið 8, og veljið öndunarbúnað í samræmi við aðstæður hverju sinni, og í samræmi við lög og reglur. Mælt er með síu af gerð AX1.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi - sleipur
Lykt:	Vetniskolefnalykt
Litur:	Dökkbrúnn
pH:	7
Suðumark:	<35°C
Blossamark:	<0°C (opið ílát ASTM D92)
Eðlismassi:	<1 g/cm ³
Vatnsleysni:	Óleysanlegt í heitu og köldu vatni
Sprengifimi:	Sprengifimt, séu neistar, eldur eða stöðurafmagn til staðar.

9.2 Aðrar upplýsingar:

Varmainnihald við bruna: 11,1 kJ/g

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Upplýsingar liggja ekki fyrir.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin við venjulegar notkunaraðstæður.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Eld- og neistagjafir.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Myndefni við bruna: Kolmónoxíð, koldíoxíð, eitraðar og ertandi gufur.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Efni	LC ₅₀	Dýrateg.	LC ₅₀	Dýrateg.
Heptan	48000 ppm	innöndun rotta	103 g/m ³	innöndun rotta (gufa)

Innöndun Getur valdið bælingu miðtaugakerfis, sljóleika og svima, hósta, ógleði og uppköstum, höfuðverk, svima, meðvitunadarleysi. Leitið lækni við alvarleg eða viðvarandi einkenni.

Húð Einkenni við snertingu við húð geta verið: Affitun, erting, þurrkur, sprungumyndun.

Augu Veldur alvarlegri augneringu, táramyndun, sviða.

Inntaka Getur valdið bælingu miðtaugakerfis.

Bráð eiturhrif Upplýsingar liggja ekki fyrir.

Húðerting/æting Upplýsingar liggja ekki fyrir.

Alvarlegur augnskaði Upplýsingar liggja ekki fyrir.

Krabbamein Upplýsingar liggja ekki fyrir.

Stökkbreytingar Upplýsingar liggja ekki fyrir.

Eitrun æxlunarfæra Upplýsingar liggja ekki fyrir.

Áhrif á marklíffæri (eitt skipti) Upplýsingar liggja ekki fyrir.

Áhrif á marklíffæri (endurtekin) Upplýsingar liggja ekki fyrir.

Ásvelgingarhætta Upplýsingar liggja ekki fyrir.

12. Vistfræðilegar upplýsingar

Heptan	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC ₅₀	375 mg/l	96 klst	Fiskar	
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	4,66			
Uppsöfnun í lífverum	BCF	552			miklar líkur

12.1 Eiturhrif: Upplýsingar liggja ekki fyrir.

12.2 Stöðugleiki og niðurbrot: Upplýsingar liggja ekki fyrir.

12.3 Uppsöfnun í lífverum: Upplýsingar liggja ekki fyrir.

12.4 Dreifanleiki í jarðvegi: Upplýsingar liggja ekki fyrir.

12.5 PBT/vPvB: Inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT/vPvB.

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega.

Óhreinar umbúðir Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Endurvinnið ef unnt er. Athugið að tómar umbúðir gætu innihaldið efnaleifar. Geymið á öruggum stað.

Skv. reglugerð nr. 184/2002 um spilliefni og annan úrgang, flokkast efnið og leifar þess sem :
13 08 99 (úrgangur sem ekki er tilgreindur með öðrum hætti)
15 01 10 (umbúðir sem innihalda leifar hættulegra efna eða eru mengaðar af þeim)

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:

UN Númer 1950

Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS

Hættuflokkur: 2.1

Pökkunarflokkur: -

Hættuundirflokkur: 5F

Jarðgangaflokkun: D

Mengunarhætta: Já Merkingar ekki krafist fyrir <=5 kg

Varúðarmerking



IMDG:
UN Númer 1950
Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS
Hættuflokkur: 2.1
EmS: F-D, S-U
Pökkunarflokkur: -
Mengunarhætta: Já Merkingar ekki krafist fyrir <=5 kg



IATA:
UN Númer 1950
Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS, FLAMMABLE
Hættuflokkur: 2.1
Pökkunarflokkur: -
Magntakmörkun: 75 kg



15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).

15.2 Efnaöryggismat:

Varan inniheldur efni þar sem efnaöryggismats er krafist.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H222	Úðabrúsi með afar eldfimum efnum
H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun
H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa
H304	Hættulegt við inntöku
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
H315	Veldur húðertingu
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H400	Mjög eittrað lífi í vatni
H410	Mjög eittrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif
H411	Eittrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Útgáfa: 1
Dags: 06.02.2017

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi. Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: **Q8 DANMARK A/S**
Sikkerhedsdatablad
Q8 KUGG & KEDJESPRAY
Útgáfa: 17.10.2016 (1.03)